14 Apríl 2009

Bréf til Dómsmálaráðuneytið

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Bl. 11-11A Ábm. SÞG
Innk.: 15. APR. 2009
DKM 09040108

Ég undirritaður sæki hér með um uppreisnæru.

Virðingarfyllst

Ágúst L Sigurðsson

Ágúst Liljan Sigurðsson kt. 02.11.64-4889

Reykjavík 26 júlí 2009

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Bl. 11-11-4 Ábm. SFC
Innk.: 28 JÚLÍ 2009
DKM 09040108

Bréf til: Dómsmálaráðherra.

Með bréfi dagsettu þann 14 Apríl síðastliðin sótti ég um að mér yrði veitt uppreisn æru. Svar við því bréfi hefur ekki borist og því endurnýa ég hér með þá umsókn. Ég hef ekki gerst brotlegur við lög í um 4 ár og tel að þar með séu lagaleg skilyrði uppfyllt. Svar óskast bréfleiðis.

Ég undirritaður óska hér með eftir að mér verði veitt uppreisn æru.

Virðingarfyllst

Ágúst L Sigurðsson

Ágúst Liljan Sigurðsson kt. 02.11.64-4889

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ
Bl. 11.11.4 Á
Innk.: 1. OKT. 200
DMR 09040108

30 September 2009

Bréf til: Dómsmálaráðherra.

Með bréfi dagsettu þann 14 Apríl síðastliðin sótti ég um að mér yrði veitt uppreisn æru. Ég ítrekaði það með bréfi dagsettu 26 Júlí. Svar barst frá ráðuneytinu um hæl þess efnis að ég skildi finna 2. meðmælendur sem gætu og vildu vottað góða hegðun mína undanfarinn ár. Ég varð við því alveg um leið og mér er kunnugt um að þau bréf voru send ráðuneytinu.

Því spyr ég hvað það sé sem tefur? það er komið vel á sjöunda mánuð síðan ég sótti um sem er langur tími. Ég vil gjarnan fá að vita hvenær til standi að afgreiða þetta. Svar óskast.

Virðingarfyllst

Ágúst L. Sigurðsson

Ágúst Liljan Sigurðsson kt. 02.11.64-4889

12.08.2009

Bréf til: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
Efni bréfs: Meðmæli.

Ágúst Liljan Sigurðsson kt. 02.11.64-4889 hefur farið þess á leit við ráðuneytið að honum verði veitt uppreisn æra.

Það vottast hér með að ég undirritaður veiti Ágústi meðmæli vegna þessa. Ég hef verið í sambandi við hann undanfarin ár og veit að hann hefur sýnt af sér góða hegðun í hvívetna og mæli með því að honum verði veitt uppreisn æra. Þetta staðfesti ég nú með undirskrift minni.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Bl. 11.11.4 Ábm. SPG
Innk.: 14 ÁGÚ. 2009
DKM 09040108

Páll Br Sigurvinsson Ráðgjafi Sáá kt. 22.12.55-4619

19. ágúst 2009

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Bl. 11.11.4 Ábm. SPG
Innk.: 20. ÁGÚ. 2009
DKM 09040108

Ágúst Liljan Sigurðsson kt. 02-1164-4889

óskaði eftir því að ég veiti sér meðmæli vegna þess að hann hefur sent beiðni til Dóms og Kirkjumálaráðuneytis þess efnis að honum verði veitt uppreisn æru. Verð ég við þessi bón hans með ánægju. Ég hef fylgst með honum frá síðustu úttekt (hef reyndar fylgst með honum alla tíð) og hefur framkoma hans og hegðun verið í alla staði til sóma, (þótt mér sé málið skylt) en Ágúst er sonur minn. Ég mæli með því að honum verði veitt uppreisn æru.

Klara Guðmundsdóttir

kt. 130447 3099

Tillaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

Fallist á tillöguna
Reykjavík
11. desember 2009
Ólafur Ragnar Grímsson

Ágúst Liljan Sigurðsson, kt. 021164-4889, til heimilis að hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóma héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn 11. október 2005, héraðsdóm Vesturlands, uppkveðinn 3. febrúar 2005, Hæstaréttar Íslands uppkveðinn 13. júní 2006, dóma héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðna 23. nóvember 1999, 3. júní 1997, 10. mars 1997, 16. nóvember 1994, 24. febrúar 1994, 22. október 1993, 24. mars 1993, fíkniefnadómi, uppkveðinn 9. júní 1992, Sakadómi Reykjavíkur, uppkveðinn 17. janúar 1990 og dómi Árnessýslu, uppkveðinn 17. september 1985, þar sem honum var gert að sæta samtals 109 mánaða óskilorðsbundna refsivist fyrir brot gegn ýmsum lögum

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Ágústi Liljan Sigurðssyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreinda dóma.

Í dómsmála og mannréttindaráðuneyti,
7. desember 2009.

Allravirðingarfyllst,

Ragna Árnadóttir

Þórunn J. Hafstein